

# Þvinganir Íslands haft neikvæð áhrif

● Þáttaka íslenskra stjórnvalda í viðskiptaþvingunum gegn kínverskum embættismönnum skaðaði tvíhliða samband Íslands og Kína, segir sendiherra alþýðulýðveldisins ● 75 milljónir Kínverja hafi reiðst

Skúli Halldórsson  
sh@mbl.is

Jin Zhijian, sendiherra kínverska alþýðulýðveldisins, segir ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að taka þátt í viðskiptaþvingunum gegn kínverskum embættismönnum, hafa haft mjög neikvæð áhrif á tvíhliða samband ríkjanna.

Jin lét ummælin falla þegar hann flutti tölu á málþingi Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins, sem haldið var í gær, og bar yfirskriftina „Hvernær koma kínversku ferðamennirnir og erum við tilbúin að taka á móti þeim!“

Jin benti á að Kína hefði fyrst ríkja tilkynnt sjúkdóminn Covid-19 til Alþjóðheilbrigðismálastofnunarinnar WHO. „Veiran fannst í Wuhan-borg og það tók okkur þrjá mánuði að ná stjórn á ástandinu.“

Hann sagði það athyglisvert að

ekki bæri á mikilli umfjöllun vest-rænna fjölmiðla um gang faraldursins í Kína núna. „Ástandið er, almennt séð, nokkuð gott.“ Bætti hann við. Aðeins séu nokkur ný tilfelli veirusmita á hverjum degi innan Kína. „Flest þeirra greinast raunar á landamærasvæðunum.“



Jin Zhijian  
veirusmita á hverjum degi innan Kína. „Flest þeirra greinast raunar á landamærasvæðunum.“

## Ákvörðun valdið vandamálum

Því næst vék hann að því, að íslensk og kínversk stjórnvöld þyrftu að taka á þeim atriðum sem þau greinir á um.

„Nýleg ákvörðun íslensku ríkisstjórnarinnar, um að fylgja Evrópu-sambandinu í refsiaðgerðum gegn Kína, vegna svokallaðra mannrétt-

indabrotta í Xinjiang, hefur valdið vandamálum fyrir okkur.“ sagði hann og vísaði þar til meðferðar kínverskra stjórnvalda á minnihlutahópi útgúra í Xinjiang-héraði.

„Þegar íslenska ríkisstjórnin tók þessa ákvörðun gaf sendiráð okkar út yfirlýsingu, þar sem varpað er ljósi á heildarmyndina fyrir nærsamfélagið. Af hverju við höfðum ákveðið að setja einstakling á svarta listann okkar.“

## Ekki neitt mannréttindamál

„Þessa yfirlýsingu sáu fleiri en 75 milljónir Kínverja á innan við tveimur dögum. 75 milljónir manna. Þið getið ímyndað ykkur athugasemdirnar. Ég hugsa að 99,9% þessa fólks hafi reiðst mikið vegna ákvörðunar íslensku ríkisstjórnarinnar.“

Jin bætti við að frá sjónarhorni kínverskra stjórnvalda sé ekki um að ræða neitt mannréttindamál.

„Því að fyrir þá sem eru kunnugir sögulegum bakgrunni Xinjiang-hérads fyrir nokkrum árum, þá er auðveldlega hægt að sjá muninn. Fyrir fjórum eða fimm árum þjáðist héraðið af árásum hryðjuverkamanna, siendurtekið í nokkur ár, sem öllu dauða hundraða manna og særðu þúsundir manna.“

## Málið snúi að fullveldi Kína

Svo væri ekki lengur, þökk sé aðgerðum stjórnvalda. Pakkaði Jin meðal annars „menntunar- og þjálfunarmiðstöðvum“ sem settar hefðu verið upp fyrir fólk í héraðinu.

Að baki árásunum hefði verið hópur sem vildi stofna sérstakt ríki í Xinjiang, aðskilið stjórnvöldum í Peking. „Okkur finnst málið því snúa að fullveldi okkar. Hvert Kína geti haldið áfram sem sjálfstætt ríki þar sem Xinjiang tilheyrir ríkinu.“

Jin hélt áfram: „Þannig að þegar

kínverskir borgarar horfa á ástandið, og svo á þá ákvörðun sem íslenska ríkisstjórnin tók, þá vakna hjá þeim svo margar spurningar. Þeir telja að þetta sé hræðilegur hlutur, sem ekki er hægt að setta sig við.“

## Fyrsta sem takast þarf á við

Einnig fullyrti hann að Kína hefði boðið Íslandi aðstoð sína í kalda stríðinu, í fjármálakreppunni 2008 og í faraldri kórónuveirunnar.

„Þessi ágreiningur hafði mjög neikvæðar afleiðingar fyrir tvíhliða samband okkar. Og það er ástæðan fyrir því að ég nefni þetta sem það fyrsta sem takast þarf á við. Við þurfum að sjá um þetta tvíhliða samband af mikilli varfærni.“ sagði Jin.

„Þetta er ekki fyrsti ágreiningur okkar ríkja vegna mannréttindamála. En af hverju getum við ekki meðhöndlað þennan ágreining eins og þá sem orðið hafa í fortíðinni?“